

**Mál nr. 169/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 23. júní 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 27. júní 2022.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu rann M í hálku á göngu frá vinnuskúr í átt að vinnuvél sinni en samanþjappaður snjór hafði gert svæðið þar sem M slasaðist flughált. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Telur M að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað og að aðstæður hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Gera verði þá kröfu að vinnuveitandi útvegi öryggisbúnað svo sem mannbrodna en þeir hafi ekki verið til staðar á slysdegi en eftir slysið hafi þeir verið aðgengilegir á vinnustaðnum. Hægt hefði verið að koma í veg fyrir tjónið með mannbroddum. Vísar M til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins á þeim tíma sem slysið varð, líkt og skylda er til skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Verði því að leggja framburð M um atvik að slysinu og aðstæður á vettvangi til grundvallar í samræmi við margítrekaða dómaframkvæmd Hæstaréttar sbr. m.a. dóm í máli nr. 272/2008.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar og/eða aðgæsluleysis M sjálfs. Bifreiðastæðið hafi verið sandað fyrir um morguninn að sú skylda verði ekki með sanngirni lögð á vinnuveitendur að þeir geri út vélar eða fólk sem framkvæmi viðstöðulausar hálkuvarnir meðan veður ganga yfir. Slík krafa sé með öllu óraunhæf. Þannig verði að teljast fullnægjandi viðbrögð við útkomu og hálku að hafa sandað fyrir um morguninn, í þessu tilviki nokkrum klukkustundum áður en atvikið varð. Hafa verði í huga að það hafi byrjað að snjóa á meðan vinnumenn voru í hádegismat skömmu áður en atvikið gerðist. Það sé ósannað að frekari sandur hefði skilað einhverjum árangri í þeim aðstæðum sem voru á vettvangi. Það verði ekki metið X til sakar að hafa ekki á tjónsdegi verið með hálkubrodna þó svo þeir séu til staðar í dag en með því sé gengið lengra en skráðar háttarnisreglur kveða á um.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu, en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X er hann rann í hálku á leið sinni frá vinnuskúr að vinnuvél sinni. Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins af hálfu X en í lögregluskýrslu kemur fram að lögregla hafi haft samband við Vinnueftirlitið og hafi starfsmaður þess ekki talið þörf á að koma á vettvang. Í málinu liggur fyrir skýrsla lögreglu auk vitnisframburðar verkstjóra á vinnustaðnum sem lögmaður M lagði fram og teljast málsatvik því nægjanlega upplýst og skiptir því ekki máli fyrir sönnunarfærsluna að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu tímalega í samræmi við áskilnað 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980.

Samkvæmt gögnum málsins var búið að sanda bifreiðastæðið fyrir um morguninn en snjór hafði fallið í hádeginu og höfðu ökutæki sem ekið var um bifreiðastæðið þjappað snjónum niður á þann hátt að hálka myndaðist undir snjónum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um önnur slys á bifreiðastæðinu þennan dag en almennt má ekki búast við því að bifreiðastæði séu með öllu hættulaus þegar veðurastæður á Íslandi eru með þeim hætti sem lýst er í gögnum málsins. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Verður það ekki metið X til sakar að hafa ekki haft mannbrodna aðgengilega á vinnustaðnum á slysdegi. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir